



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindadeild

Þjáning og leiðindi

Um svartsýni í heimspeki Schopenhauers

Ritgerð til B.A.-prófs

Símon Elvar Rúnarsson

Janúar 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Þjáning og leiðindi

Um svartsýni í heimspeki Schopenhauers

Ritgerð til B.A.-prófs

Símon Elvar Rúnarsson

Kt.: 100882-2999

Leiðbeinandi: Sigríður Þorgeirsdóttir

Janúar 2009

Í þessari ritgerð ætla ég að taka fyrir svartsýni í heimspeki Schopenhauers. Heimurinn samkvæmt Schopenhauer er samsettur af vilja annars vegar og hugmyndum hins vegar. Ég ætla að gera grein fyrir hugmyndinni um viljann, draga fram helstu þætti viljans og þær afleiðingar sem hann hefur. Heimurinn sem hugmynd er hin hliðin, sem ég geri einnig stutt skil á og svo aðgreiningu á heiminum sem vilja og heiminum sem hugmyndir. Sú ályktun sem Schopenhauer dregur af frumspeki sinni um heiminn eru að óhamingja, þjáning og leiðindi einkenni stöðu mannsins. Þessi hugtök ásamt hamingjunni eru viðfangsefni þessarar ritgerðar, en ég sýni fram á að þau eru óumflýjanlegur hluti af tilverunni sem margir vilja líta fram hjá. Ég tek gagnrýni Georgs Simmels til athugunar, hvort hugmyndir hans um hamingjuna geti grafið undan þjáningunni sem Schopenhauer segir gegnsýra mannlega tilvist. Hamingjan er brögðul og sýni fram á óstöðugleika hennar. Max Horkheimer kemur þá til sögunnar og hugmyndir hans um Schopenhauer sem ljósið í myrkrinu, þrátt fyrir svartsýnina. Ég ber saman ólíkar túlkanir Simmel og Horkheimer á svartsýni í heimspeki Schopenhauers. Að lokum tek ég undir hugmyndir Horkheimers og sýni fram á gildi svartsýninnar. Ég tel að þjáningin og leiðindin í lífinu vera staðreynd sem oft er misskilin. Svartsýnin hins vegar, mætir þeim og tekur á þeim á meðan bjartsýnin getur leitt okkur í ógöngur.

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	5
Um tvíeðli heimsins sem vilji og hugmynd	8
Um viljann	9
Viljinn og líkaminn	10
Þjáning og leiðindi	12
Tónlistin slær á strengi viljans	14
Hamingjan er hverfull draumur	15
Gagnrýni Simmels á bölsýni Schopenhauers	17
Sögulegur Schopenhauer í ljósi Horkheimers	21
Svartsýni sem gagnrýnin hugsun	25
Svartsýni eða raunsæi?	27
Heimildaskrá	28

Svartsýni er að öllu jöfnu talin óæskileg, af hinu illa og að hana beri að sniðganga. Hún er eitthvað neikvætt í sjálfu sér. Takmark mitt er að greina hvernig Schopenhauer sýndi fram á hið gagnstæða, að hún sé af hinu góða og eigi alltaf rétt á sér. Svartsýni samkvæmt Schopenhauer er fyrst og fremst raunsæi. Svartsýnishugtakið sjálft er margþætt og kallar á skilgreiningu. Svartsýni getur verið neikvæðni, vantrú, tortryggni eða bölsýni. Í heimspeki Schopenhauers er réttast að líta á svartsýnina sem einhvers konar tortryggni sem tekur öllu með fyrirvara og er því ákveðin tegund gagnrýninnar hugsunar. Svartsýni sem neikvæðni er af allt öðrum toga og tengist frekar daglegum athöfnum, þar sem allt virðist ómögulegt og varla þess virði. Neikvæðni sem þessi er umvafin depurð og leiða, framkvæmdarleysið er óumflýjanlegt og þunglyndið skammt undan. Hinn bölsýni sér heildarmyndina, lífið í heild, þar sem útkoman er alltaf neikvæð, en samt sem áður er bölsýni einungis raunsæi, þar af leiðandi þarf útkoman ekkert að vera neikvæð, heldur frekar staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Böl- eða svartsýni, lífið er ekki endalaus dans á rósum, það er krökkt af hindrunum og margslungið fyrirbæri sem inniheldur gleði, sorg, sælu og leiða. Í heimspeki Schopenhauers er svartsýnin sprottin af því að kjarni lífsins sem vilji sé þjáning vegna þess að vilji til lífs leiðir til átaka og baráttu, jafnframt er hann stefnulaus og gráðugur. Depurð og leiði eru fylgifiskar lífsins og hamingjan er skammlíf. Ég geri stuttlega grein fyrir viljanum í heimspeki Schopenhauers, og aðgreiningu hans frá heimi hugmynda, sem er nauðsynlegt svo skilja megí svarstýni hans. Svartsýnin eða raunsæin er þungamiðjan í heimspeki hans, hún snertir tilgangsleysi lífsins, því viljinn hefur ekkert endanlegt markmið, því er efni þessarar ritgerðar óneitanlega tilvistarlegs eðlis. Ekki ber að taka svartsýni Schopenhauers sem tilraun hans til að leggja allt og alla í endalusa depurð og

þunglyndi, og að við eigum að temja okkur neikvæðan hugsunarhátt, þvert á móti, við eigum að mæta verkefnum tilvistarinnar með raunhæfu móti.

Niðurstaðan í heimspeki Schopenhauers leiðir að sjálfsögðu til þess að henni verður andmælt og mikið kapp lagt á að sýna hið andstæða, að lífið sem vilji sé tilgangslaust og feli í sér þjáningu. Í því augamiði geri ég grein fyrir og ber síðar saman umfjallanir Georgs Simmels og Max Horkheimers um heimspeki Schopenhauers. Skrif þessara tveggja höfunda eru frá ólíkum tímum, Georg Simmel skrifaði sína bók um aldamótin 1900¹ og Max Horkheimer sína grein um 1960². Á þessu tímabili hefur mikið vatn runnið til sjávar, Horkheimer sér Schopenhauer í nýju ljósi þegar liðið er á hinu blóðugu 20. öld, en Simmel er bjartsýnn á framtíðina í upphafi sömu aldar. Simmel sér gildi í lífinu sjálfu, einstaklingurinn hefur frelsi til að velja, hann getur öðlast fullnægju á margan hátt. Til þess að skilja túlkanir þeirra Simmel og Horkheimer er nauðsynlegt að greina hamingjuhugtakið. Schopenhauer segir þetta um hamingjuna; „[...] maðurinn er aldrei hamingjusamur en samt reynir hann að elta ímyndaða hamingju sem hann sjaldan nær, ef hann gerir það þá verður hann fyrir vonbrigðum.“³ Samkvæmt nytjastefnu J. S. Mill er markmiðið að hámarka velferð og vellíðan sem flestra, hámarka hamingju meirihlutans, þar með er ánægjan ríkjandi, hamingja er það að vera ánægður.⁴ Hjá Schopenhauer hefði það hins vegar verið ómögulegt, þar sem viljanum er aldrei fullnægt og þar sem ekki er þjáning þar eru leiðindi. Vellíðan upplifum við aðeins þegar þjáningin er fjarri eða þegar viljanum hefur verið fullnægt, og þegar viljanum hefur verið fullnægt kviknar ný hvöt sem verður að fullnægja. Það er ekki rétt að rugla saman hamingju sem tímabundinni vellíðan við farsæld. Farsælt líf merkir að þegar við lítum yfir farinn veg, þá erum við annaðhvort sátt eða ósátt. Schopenhauer segir að fáa upplifa sig farsæla þegar þeir líta til baka vegna þess að væntingarnar til lífsins hafi ekki staðist. Það má segja að væntingarnar eru frekar óraunhæfar og barnslegar, skortur á reynslu sem við síðar

¹ Simmel, Georg. *Schopenhauer and Nietzsche*. Chicago: University of Illinois Press, 1991. Hér eftir verður vitnað í bókina með skammstöfuninni: SAN í sviga ásamt blaðsíðutali.

² Horkheimer, Max. „Schopenhauer Today“ Í: Kurt H. Wolff og Barrington Moore, Jr. (Ritstjórar) *The Critical Spirit: Essays in Honor of Herbert Marcuse*. Boston: Beacon Press, 1967. Bls. 55-71. Hér eftir verður vitnað í grein Horkheimers með skammstöfuninni: ST í sviga ásamt blaðsíðutali.

³ Schopenhauer, Arthur. *Essays and Aphorisms*. London: Penguin Books, 2004, bls. 52. Hér eftir verður vitnað í bókina með skammstöfuninni: EAA í sviga ásamt blaðsíðutali.

⁴ Mill, J. S. *Nytjastefnan*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1998.

öðlumst. Ef lífið er á farsældina þannig þá eru fleiri farsælir. Simmel segir að „[f]riðaður vilji er hamingja“⁵, hann segir einnig að tilhlökkun sé stór hluti af hamingjunni, þannig að það að elta ímyndaða hamingju hefur ákveðið gildi sem Schopenhauer skilur útundan. Simmel notar orðin gleði eða ánægjuþilfinningu (þ. Lust), ég nota hins vegar orðin hamingja og vellíðan.

Hamingjan hjá Simmel er ekki hverfull draumur líkt og hjá Schopenhauer, tilhlökkunin hefur gildi, hún er vísir að hamingjunni. Hamingjan líkt og þróunin er þrepaskipt, eitt þrep tekur við af öðru, þar með sjáum við fram á veginn, að lífið hafi í raun gildi í sjálfu sér. Greiningu á þessari þróun var að mati Simmels ábótavant hjá Schopenhauer. Niðurstaðan hjá Simmel er nokkurn veginn á þá leið að hann telur hamingjuna eftirsóknarverða í sjálfu sér fyrir hvern og einn, hún er undir einstaklingnum komin. Horkheimer á hinn bóginn skilgreinir svartsýni Schopenhauers sem gagnrýna hugsun, hann reynir ekki að brúa bilið milli heima vilja og hugmynda, þ.a.l. gefur hann hamingjunni ekki mikinn gaum. Viljinn sem sjálfstætt fyrirbæri, útskýrir margar gjörðir mannsins, hann útskýrir margbreytilegan heiminn sem er bæði ófyrirsjáanlegur, ófullkominn og fullur af blekkingum. Heimspeki Schopenhauers boðar gagnrýna og ekki síst skapandi hugsun, að taka eigi öllu með fyrirvara sem getur síðar fyrirbyggt margar misgjörðir mannsins. Hugmyndir Schopenhauers eru tímalausar og eiga alltaf við, sérstaklega í dag þegar svartnættið er sem mest, þá áttum við okkur á boðskap Schopenhauers.

Drungaleg sýn Schopenhauers á lífið og tilveruna er komin af hugmynd hans um viljann í höfuðriti hans *Heimurinn sem vilji og hugmynd* (þ. *Die Welt als Wille und Vorstellung*). Lágmarks útlistun á kenningu hans um viljann og hugmyndir er æskileg svo skilja megi svartsýni hans á veröldinni og þar með efni þessarar ritgerðar. Svarstýnin er komin til vegna þess að lífið býður upp á meiri þjáningu en vellíðan, sem er þungamiðjan í heimspeki Schopenhauers. Þegar við áttum okkur á viljanum, þá sjáum við lífið í réttu ljósi, í hverju það er fólgið og hver hin raunverulega stefna þess er. Viljinn og hugmyndirnar mynda eina stóra órjúfanlega heild eða heimsmynd, sem öll tengist á einhvern hátt. Því er nær óhjákvæmilegt að taka eingöngu brot úr heimspeki hans, án nokkurrar vitneskju um rit hans *Heimurinn sem vilji og hugmynd*. Schopenhauer sækir nokkuð í brunn fyrirrennara sinna, t.a.m. í frumspeki og þekkingarfræði sinni, þar sem hann leynir því ekki að Immanuel Kant hafi verið í

⁵ (SAN) bls. 53

miklum metum hjá honum. Schopenhauer tók á þekkingarfræði Kants. Í stuttu máli tekur Schopenhauer hugmynd Kants um hlutinn í sjálfum sér (þ. Ding an sich) sem hina óþekktu hlið heimsins og segir viljinn einmitt vera -hluturinn í sjálfum sér. Hann hafði hins vegar litlar sem engar mætur á samferðamönnum sínum í heimspekinni, þar má sérstaklega nefna Hegel. Schopenhauer taldi þá vera of bjartsýna og þá sérstaklega á framtíðina, eins og það væri alltaf eitthvað fast takmark í framtíðinni sem væri svo eftirsóknarvert.

Um tvíeðli heimsins sem vilji og hugmynd

Maðurinn er vilji sem er hluti af lífinu, maðurinn hefur samvisku og er meðvitaður um sjálfan sig, að hann er til í tíma og rúmi. Viljinn er drifkraftur lífsins, maðurinn er í senn vilji og hlutur, sem stjórnast af viljanum, viljinn er því hinn raunverulegi heimur. Líkaminn er í senn vilji og hugmynd, eða; „[...]Íkami minn og vilji eru eitt[...]“⁶ Þessi setning, sé hún rétt skilin, myndar alla heimspeki Schopenhauers. Það má segja að öll frumspeki Schopenhauers byggist á þessu tvíeðli vilja og hugmynda, þessu huglæga og hlutlæga, sem eru þó í grunninn eitt og hið sama.

Veruleikinn birtist okkur sem hugmyndir, við getum skynjað og skilgreint hlutlæg fyrirbæri, en við getum ekki skynjað beint og milliliðalaust raunveruna, viljann. Með því að rannsaka veruleikann á empirískan máta fáum við takmarkaðar upplýsingar með engum endanlegum niðurstöðum. Við fáum upplýsingar um þyngd, hæð, lögun, gerð o.s. frv. en ekkert sem gefur af sér raunverulega merkingu, eingöngu lýsingu á hlutum. Schopenhauer skiptir þeim hlutum í fjóra flokka, hver flokkur hluta er með sín einkenni sem tengist hinum flokkunum á ákveðinn og kerfislegan hátt. „[...] þeir í fyrsta flokknum eru háðir breytingum, þeir í öðrum flokknum hafa sanninndi, þeir í þriðja flokknum hafa stærðfræðilega eiginleika, og þeir í fjórða flokknum koma af stað hreyfingu sem er háð tilgangi.“⁷ Þetta er kerfi sem Schopenhauer setur fram sem skilyrði allrar þekkingar okkar í heimi hugmynda. Öll okkar þekking er byggð á

⁶ Schopenhauer, Arthur. *The World as Will and Representation*. New York: Dover Publications, Inc. 1969, 102 (leturbreytingar mínar) Hér eftir verður vitnað í bókina með skammstöfuninni: WWR í sviga ásamt blaðsíðutali.

⁷ White, F. C. „The Fourfold Root“ Í: Christopher Janaway (ritstj.) *The Cambridge Companion to Schopenhauer*. Cambridge: University Press, 1999, bls. 65

lýsingum okkar á hlutlægum heiminum, við erum skynverur og það sem við skynjum, þekkjum við á beinan og öruggan hátt. Við erum verur í tíma og rúmi, það getum við verið fullviss um. Allt sem umkringir okkur, himinn, jörð og allt þar á milli er undir okkur komið. Í þeim skilningi að við erum þau einu sem getum skynjað og rannsakað verulega hluti, þ.e. við höfum þekkingu og sem þekkingarverur lútum við ekki sömu lögmálum og hugmyndirnar, einungis að því leyti að líkaminn er hlutur meðal hluta. Ólíkt dýrunum þá höfum við skynsemi, sjálfsvitund og tungumál, sem eru grundvöllur að greiningu lýsinga, við getum öðlast þekkingu. Án mannsins er ekkert, heimurinn er hugmynd. Með hugmyndum komumst við að takmörkuðum skilning um heiminn, „Við erum eins og maður sem gengur í kringum kastala og leitar árangurslaust að inngangnum[...]“⁸ Sé þessi leið farin, þ.e. að allt sé skoðað utan frá, þá erum við ekkert annað en hlutir á meðal hluta, hugmyndir meðal hugmynda. Heimur hugmynda er tálsýn, hann er hulin slæðu *Maya* (þ. Schleier der *Maya*).

Allir hlutir búa yfir þessu tvíeðli, þar með taldir dauðir hlutir. Maðurinn og dýrin hafa meðvitund sem dauðu hlutirnir hafa ekki, engu að síður hafa allir viljann, sem er hlutur í sjálfum sér og jafnframt hinn raunverulegi heimur. Hugmyndir eru tálsýnir, ekki hin raunverulegi heimur sem er viljinn. Um frummyndir Platóns segir Schopenhauer þær vera einhvers staðar á milli vilja og hugmynda, þær eru ekki bein skynjun einstaklingsins líkt og hugmyndir, þær eru almennar, öllum aðgengilegar og birtast okkur í tíma og rúmi samkvæmt lögmáli einstaklingsins (lat. *principium indiviuationis*). Lögmál hins einstaka skilur einstaklingana frá hvor öðrum og frá heiminum.

Um viljann

Viljinn er hlutur í sjálfum sér, einstaklingurinn er ekki vilji sem hlutur í sjálfum sér, heldur birtingarmynd eða viljafyrirbæri. Viljinn er einn alheimsvilji, hann birtist viðfangi sínu, einstaklingnum samkvæmt lögmáli hins einstaka. Þegar upp er staðið, þá er viljinn og líkaminn eitt og hið sama, þ.a.l. hefur vilji viljans skýr og greinileg áhrif á líkamann og það sem hefur áhrif á líkamann hefur áhrif á viljann.⁹ Allt það

⁸ (WWR) bls. 99

⁹ (WWR) bls. 101

sem hindrar viljann upplifum við sem sársauka eða þjáningu og allt sem er samkvæmt viljanum kemur fram í ánægju eða hamingju. Hið fyrrnefnda, þjáningin, vegur mun þyngra og er einnig mun algengari en hamingjan. „Þetta er einnig fólgið í þeirri staðreynd að yfirleitt finnst okkur sælan ekki eins sælleg, sársaukinn sársaukafyllri en við áttum von á.“¹⁰ Hamingjan og þjáningin eru þó ekki skynjanir eða hugmyndir „[...] [h]eldur bein tilfinning viljans í fyrirbæri sitt, líkamann[...]“¹¹ Hamingja og þjáning eru ekki beinar hugmyndir eða skynjanir, þ.e. það sem skynfærin nema. Það sem við sjáum, heyrum eða snertum er eintóm hugmynd, sem hefur lítil sem engin áhrif á viljann.¹² Það gera hins vegar djúpar og rótgrónar tilfinningar, því er þjáningin eða sársaukinn, sem er dýpri og sterkari tilfinning og þar af leiðandi upplifum við sársauka margfalt sterkar en vellíðan, þetta er í eðli sínu óumflýjanleg staðreynd. Eitt helsta einkenni viljans er skortur, viljanum verður aldrei eða sjaldan fullnægt, og þá eingöngu í skamma stund. Viljinn sem drifkraftur lífsins kallar alltaf á meira, hann hefur ekkert endanlegt markmið og því verður að halda honum stöðugt við.

Viljinn og líkaminn

Viljinn er ekkert áþreifanlegt, hann er ekki einhver skynmynd, í raun eru engin bein tengsl milli þessara heima, þ.e.a.s. milli heims skynmyndanna eða hugmyndanna og heims viljans. Þetta bil á milli viljans og líkamans er einn mikilvægasti þátturinn í viljakerfi Schopenhauer því þar er maðurinn kominn á vald einhvers annars. „Við getum snúið þessari framsetningu á ólíka vegu og sagt: Líkami minn og vilji eru eitt; eða, hugmyndir skynjana minna kalla ég líkama minn, ég kalla það vilja minn að því leyti að ég er meðvitaður um það á gjörólíkan hátt engum öðrum sambærilegur; eða, líkami minn er hlutlægt viðhorf viljans; eða, að þeirri staðreynd undanskilinni að líkami minn er hugmynd mín, er hann samt sem áður vilji minn, o.s.frv.“¹³ Viljinn er ekki yfirmáttúrulegur eða guðlegur, þvert á móti, maðurinn og líkami hans er vilji. Eins og áður hefur verið sagt þá erum við eitthvað meira en bara hlutir á meðal hluta, þó svo að líkaminn sé það, það er eitthvað óþekkt fyrirbæri sem stjórnar líkama okkar

¹⁰ (EAA) bls. 42

¹¹ (WWR) bls. 101

¹² (WWR) bls. 101

¹³ (WWR) bls. 102-103

sem gerir okkur að einstaklingum, við erum aðgreinanleg frá öðrum einstaklingum, þetta fyrirbæri er því fyrirbæri í sjálfu sér. Í meðvitund okkar greinum við eitthvað sem er hafið yfir hlutlægar hugmyndir okkar, viljann. Viljinn og líkaminn geta ekki verið aðskild sjálfstæð fyrirbæri, þvert á móti, þau eru háð hvort öðru. Líkaminn er hlutgerður vilji eða „[...] fyrirbæri viljans.“¹⁴ Líkaminn er einhvers konar birtingarmynd hans en er þó hlutur í sjálfum sér, að auki eru ýmsir líkamspartar hlutgerðar þarfir viljans, þetta á þó eingöngu við frumþarfir viljans, sem eru hvað mikilvægastar og viljanum lífsnauðsynlegar. Þessar frumþarfir endurspeglast í líkamlegu gervi, „[t]ennur, kok og þarmagangur eru hlutgert hungur; kynfærin eru hlutgerð kynhvöt[...].“¹⁵ Hver einstaklingur hefur sína sérstöðu í þessum efnunum og skapar sér því eigin karakter á þessu sviði sem fylgir honum til æviloka. Vegna eðli og mikilvægi þessara frumþarfa, þá valda þær okkur óbærilegum sársauka sé þeim ekki svalað sem fyrst, bæði líkamlegum og andlegum sársauka. Auk þess getur það valdið dauða einstaklings sem ekki verður við þessum kröfum viljans, og það kvalarfullum, s.s. að deyja úr hungri. Viljinn er því fyrst og fremst vilji til lífs og hann yfirgnæfir alla aðra þörf mannsins. Viljinn er algjörlega sjálfstæður og það er ekkert sem við getum gert til þess að hafa áhrif á hann. Schopenhauer er laus við alla markhyggju, viljinn þróast ekki í neina eina átt, hann er stefnulaus eða öllu heldur án lokatakmarks.

Schopenhauer segir að maðurinn sé því ekki eintóm skynsemissvera, sem flestir heimspekingar fram að honum hefðu haldið fram, þ.e.a.s. ef viljinn er drikfkraftur lífsins og hlutur í sjálfum sér, þá er skynsemin ekki algild. Það býr eitthvað meira að baki, undir meðvitundin, sem veikar hvatir og langanir viljans. Við erum alltaf bundinn viljanum, við höfum ekki algilt forræði yfir gjörðum okkar, við erum ekki ein við stjórnvölinn, „[...] í sérhvert augnablik erum við bæði áhorfendur og þátttakendur [...] sköpun og skapari.“¹⁶ Schopenhauer hefur tekið manninn niður á jörðina, þessi náttúruvæðing mannsins er forveri lífsheimpekinnar, maðurinn er ekki lengur á valdi hins andlega eða guðlega, heldur er maðurinn vilji sem er hluti af lífinu.

¹⁴ (WWR) bls. 107

¹⁵ (WWR) bls. 108 (leturbreytingar mínar)

¹⁶ (SAN) bls. 3

Þjáning og leiðindi

Parerga und Paralipomena inniheldur safn af ritgerðum eftir Schopenhauer sem kom út eftir andlát hans. *Ritgerðir og spakmæli*¹⁷ eru valdar ritgerðir úr þessu safni. Þessar greinar skrifaði hann á sínum efri árum er hann lítur yfir farinn veg og kemur víða við til að gera upp hin ýmsu mál, þar á meðal um þjáningu heimsins. Þjáningin er til kominn vegna þess að viljinn fær aldrei neina endanlega fullnægju, þegar einhverri löngun er fullnægt þá taka leiðindin við þangað til að ný löngun kviknar. Viljinn birtist sem skortstilfinning, nema rétt um stundarsakir þegar löngun hefur verið fullnægt. Viljinn er friðlaus, maðurinn sveiflast á milli hvata viljans hins vegar og leiðinda annars vegar. Schopenhauer lýsir lífshlaupi mannsins sem eintómri kvöð og pínu og þar er einfaldlega ekkert eða að minnsta kosti sárafátt sem við getum í því gert. Schopenhauer lítur til baka og skoðar söguna, sögu landa sem lítið er hægt að segja frá annað en af látlausum átökum og stríðum. Það sama má segja um einstaklinginn sem fær hvergi frið, hann á í stöðugum útistöðum bæði við annað fólk og við sjálfan sig.¹⁸ Schopenhauer lítur tortrygginn til framtíðar, þar eru engar töfralausnir í sjónmáli.

Hvað er viljinn, viljinn er vilji til lífs. Það má segja að maðurinn sé dæmdur til að lifa, sama hvað á bjátar, hvort sem honum líkar það eða ekki. Allt sem kemur í veg fyrir eða reynir að hindra framgöngu viljans, skapar árekstra. Þessir árekstrar eru bæði and- og líkamlegir. Árekstrarnir valda mannum miklu hugarangri og angist, hvort sem það eru átök innra með honum eða átök við annað fólk í kringum hann. Átök og árekstrar eru óumflýjanlegir hlutir af daglegu lífi mannsins, allt frá átökum einstaklingsins við sjálfan sig til blóðugra átaka á heimsvísu. Sama hversu illa einstaklingur er settur mun hann nánast alltaf gera allt sem í hans valdi stendur til að komast af í veikri von um að eitthvað betra bíði við handan hornið. Það eina sem hann á er von, en þessi von er allt annað en líkleg til þess að standa undir væntingum einstaklingsins. Hún er ekkert nema blekkingarleikur viljans, hún er gulrótin sem heldur okkur áfram gangandi niður táradalinn. Maðurinn er ekki á leið að einhverju marki, þvert á móti, hann hleypur í eintóma hringi, hver hringur sem er farinn kallar á annan, sem er ávallt erfiðari en sá á undan. Viljinn kallar alltaf á meira og betra, hann er ekki til þess gerður að verða svo auðveldlega saddur. Það dregur okkur að öðru

¹⁷ Schopenhauer, Arthur. *Essays and Aphorisms*. London: Penguin Books, 2004.

¹⁸ (EAA) bls. 23

vandamáli, þegar viljinn fær fylli sína. Sé frumpörfum viljans fullnægt höfum við sárafátt að markmiði, sem að öllum líkindum myndi drepa okkur úr leiðindum, bókstaflega. Þegar maðurinn þarf ekki að strita fyrir lífsviðurværi sínu, hefur hann frítíma. Þessi tiltekni frítími er ekki síður kvöl og pína líkt og það að verða við kröfum viljans sem er mikið strit og gefur sárafátt af sér. Hann skapar ekkert annað en tómleika og einsleitt líferni, leiða og eymd sem aldrei fyrr. Schopenhauer dregur upp mynd af hinum fullkomna heimi þar sem öllum okkar lífsnauðsynlegu þörfum væri fullnægt og gott betur en það, m.a. fljúga þar um grillaðir kalkúnar og ástina er auðvelt að finna og án allra vandkvæða. Í þessum draumaheimi myndi maðurinn annaðhvort hengja sig eða drepa hver annan, s.s. búa sér til þjáningu sem var aldrei til staðar.¹⁹ Sem dregur okkur að þeirri niðurstöðu að tilgangur lífsins sé þjáning og leiðindi. Þjáningin er *a priori*, fylgifyskur viljans og því jákvæð, hamingjan er hins vegar neikvæð, neitun á þjáningunni, við getum aðeins notið hamingju þegar þjáningin er engin. Þjáningin er allsráðandi, við erum alltaf meðvitaðri um það sem okkur finnst vont og illt en það sem við teljum af hinu góða, sem útskýrir stefnuleysi mannsins. Leit okkar af því góða er ringlulreið og líklegri til þess að auka á þjáninguna.

Við höfum til þessa tekið upp á ýmsum leiðum til dægrastyttingar svo fullnægja megi hinum ýmsa losta mannsins. Ólíkt dýrunum höfum við mikla þörf fyrir að gera eitthvað okkur til yndis og ánægjuauka. Við höfum sömu grunnþarfir og dýrin, vatn, mat, húsaskjól og heilsu, þar skilja hins vegar leiðir, maðurinn er mun meiri tilfinningavera en dýrin, sem leiðir að því að hann er mun næmari fyrir hamingju og sársauka. Dýrin upplifa þjáningu og hamingju ekki í sama mæli og maðurinn, þeim nægir að hafa eitthvað í að bíta, skjól og heilsu. Dýrin eru frjáls, þau búa ekki yfir von og væntingum eða spyrja hvað framtíðin beri í skauti sér, dauðinn er víðsjarri, þau lifa í augnablikinu. Dýrin búa við mun meiri friðsæld og hugarró en maðurinn, þau hafa ekki vitund um sig sjálf á sama hátt og maðurinn.

Svo virðist sem að það sé engum takmörkum háð hvað við gerum til þess veita okkur skammtíma ánægju, t.a.m. „[...] tóbak, ópíum [og] áfengi [...]“²⁰. Eins og áður hefur verið sagt þá er þetta eingöngu skammgóður vermir, lystisemdir sem að lokum leiða til þess að þjáningin verði meiri en ánægjan. Ekkert af þessu endurspeglar frumþarfir viljans, heldur er þetta eingöngu veik tilraun mannsins til að halda sér uppteknum. Maðurinn spillir vísvitandi fyrir sér með óhóflegri neyslu á

¹⁹ (EAA) bls. 43

²⁰ (EAA) bls. 44 (leturbreytingar mínar)

heilsuskemmandi munaðarvörum sem setur hann aftur á byrjunarreit við að berjast fyrir heilsu sinni á nýjan leik. Í velmegunarsamfélögum á Vesturlöndum á þetta einkar vel við, flest höfum við ákjósanlegt húsaskjól, velferðarkerfi og auðvelt aðgengi að mat og öðrum nauðsynjavörum. Það má segja að þetta sé nokkuð nálægt sýn Schopenhauers. Við reynum sífellt að draga athyglina frá leiða og óánægju en erum í raun ekki að gera neitt annað en að flækja lífið að óþörfu. Það hljómar vissulega klisjulega, en er engu að síður staðreynd. Við afvegaleiðum okkur að sjálfsögðu með öðrum metnaðarfyllri háttum sem eru uppbyggilegri en óhóflegur munaður og ekki bein sjálfseyðing. Maðurinn sem skynsemisvera hefur þekkingu og gáfur, ólíkt dýrunum, getum við sökkt okkur í heim þekkingar og fræðimennsku. En eins og áður þar sem ekki er þjáning þar er leiði. Metnaður og dugnaður skilar sér í aðeins meiri hamingju, en á hinn bóginn einnig í þjáningu. Því hærra sem maðurinn klifrar því hærra verður fallið. Við erum sífellt að bera okkur saman við náungann og vegna þess erum við í eilífu striti og í kapp við tímann, og oftast en ekki verðum við fyrir vonbrigðum að ná ekki settu marki.

Tónlistin slær á strengi viljans

Það er ekki á hvers manns færi að stunda fræðimennsku eða að vera skapandi listamaður, og þeir eru enn færri sem gera það sjálfviljugir en ekki af innri hvöt, þ.e. viljanum. Listin er ófyrirsjáanleg vegna uppruna síns, eða af „[...]líffæri sem var upphaflega ekki ætlað að hafa þetta að markmiði.“²¹ Hún er því ekki þræll viljans í vissum skilningi, það er eins og hún hafi náð að snúa á viljann. Tónlistin er í sérflokki að dómi Schopenhauer, hún er hreinlega hafin yfir aðrar listgreinar. Tónlistin kemst næst því að túlka viljann, nær en önnur tjáningarform og getur frelsað okkur undan viljanum.

Eins og áður hefur verið sagt þá er heimur hugmynda tálsýn, hann er hulin slæðu *Maya*. *Maya* er að finna í indverskri heimspeki, en sú heimspeki hafði mikil áhrif á heimspeki Schopenhauers. *Maya* er eitthvað sem komast þarf í gegnum til þess að sjá raunverulega heiminn. Tónlistin er eftirmynd af viljanum, á meðan aðrar listgreinar

²¹ (EAA) bls. 127

eru eftirmyndir af hugmyndum²², tónlistin kemst næst því að sjá í gegnum slæðu *Maya*. Við hlustun á tónlist komumst við í eitthvað sælukennt hugarástand, við finnum til ómældrar ánægju og frelsumst undan þjáningum viljans. Þetta er einhvers konar algleymi þar sem langanir viljans virðast hverfa hver á fætur annarri með hverri nótu sem er spiluð. Tónlistin slær á strengi viljans og í sömu andrá, á fjötra hans. Tónlistin er skynjuð í tíma, en ekki í rúmi, hún er tungumál heimsins og lætur í ljósi innsta kjarna allra fyrirbæra, hlutinn í sjálfum sér. Hvernig tónlist það er, hvort sem það er klassísk tónlist eða djass, þá er það undir einstaklingnum komið, sbr. lögmál einstaklingsins. Því í dag er öldin önnur, tónlistarlandslagið hefur tekið stakkaskiptum síðan á dögum Schopenhauers, tónlistin hefur margar stefnur og strauma, en hver og einn ætti þó að geta fundið sig í einhverri tegund tónlistar og losað sig undan þjáningu viljans. Um stundarsakir, þ.e. meðan við gleymum áþján viljans við það að renna svo að segja saman við takt lífsins, sem er viljinn.

Schopenhauer verður að teljast mjög framúrstefnulegur, indversk heimspeki og tónlist er eitthvað sem var í hávegum haft um miðbik síðustu aldar, það er engu líkara en að Schopenhauer hafi verið talsmaður hippakynslóðarinnar. Heimspeki Schopenhauers ber keim af indverskri heimpeki, t.a.m. þá hugsun um algleymi og innri frið, ekki þarf að leita langt yfir skammt, heldur í sjálfum þér t.d. með hugleiðslu eða tónlist. Ekki er hægt að fjalla nánar um það hér, en Schopenhauer las sér mikið til í indverskri Veda heimspeki og hafði það mótandi áhrif á hugmyndir hans um heiminn sem tálsýn og um tilgangslaust streð viljans.

Hamingjan er hverfull draumur

„Í dag er það slæmt, og dag frá degi verður það verra – þar til síðast kemur það versta.“²³ Menn gera sér miklar væntingar um lífið sem sjaldan eða aldrei standast. Við bíðum í ofvæni eftir því að verða fullorðin og óskum þess að ná háum aldri svo við getum full tilhlökkunar notið lystisemda lífsins til hins ýtrasta í langan tíma. Fyrr eða síðar áttum við okkur hins vegar á því að lífið er stútfullt af hindrunum sem gera okkur lífið leitt. Að leiðarlokum þegar við gerum upp lífið getum við ekki annað en lýst yfir

²² (WWR) bls. 257

²³ (EAA) bls. 47

vonbrigðum með allt saman, eins og lífið hafi verið kynnt á fölskum forsendum, það var hvorki fugl né fiskur, líkt og léleg rússíbanareið sem aldrei náði hámarki. Við uppgjör lífsins má glögglega sjá að erfiðleikar einkenndu lífshlaupið, miklu frekar en það hafi verið troðið af hamingjustundum. Árangur hvers og eins í leik og starfi stendur ekki fyllilega undir sínu, heldur ávallt í skugga einhvers annars.

Hver og einn er í kapphlaupi við tímann allt sitt líf, að ná settu marki á sem skemmstum tíma, við höfum aðeins örfá ár til að ná árangri. Óendanleiki tímans gerir lífskeið einstaklinga nánast verðlaust. „Sérhvert augnablik lífs okkar tilheyrir nútíðinni, en aðeins í eitt augnablik eftir það tilheyrir það fortíðinni. Hvert kvöld erum við deginum fátækari.“²⁴ Augnablikin hverfa okkur úr greipum, tækifærin glatast, tíminn er á þrotum, með hverju nýju augnabliki skapast ekki ný tækifæri, þau hverfa í fortíðina. Tíminn er okkar óvinur, „[...] það sem eftir augnablik hættir að vera til, sem hverfur algjörlega eins og draumur, getur ekki verið fyrirhafnarinnar virði.“²⁵ Lífið er yfirfullt af hverfulum augnablikum, augnablikum sem við getum ekki treyst á, við erum á sífelldu iði, alltaf á hreyfingu í átt að einhverju betra, að einhverju sem veitir okkur ánægju. Eftir hlaupið erum við örmagna og augnablikin liðin hjá.

Lífið birtist okkur sem röð af erfiðum verkefnum og við gerum okkar besta til þess að leysa þau vel af hendi. Fyrst og fremst reynum við að halda í okkur lífinu, koma á stöðugleika svo við getum gert það sem okkur finnst eftirsóknarvert og veitir okkur vellíðan. Hamingja þykir eftirsóknarverð, því öll viljum við vera hamingjusöm og það helst til æviloka. Allt er gert til þess að ná þessu takmarki, hver með sínum hætti, sérhver einstaklingur hefur sínar hugmyndir um hamingjuna og hvernig hennar sé best notið. Að finna hamingjuna kostar mikið strit, erfitt getur verið að fá fylli sína, maðurinn er margbrotin skepna sem setur markið sífellt hærra. Maðurinn getur aldrei fengið fylli sína vegna þess að langanir hans eru eins og botnlaus brunnur. Að leita hamingjunar verður að eilífðarstarfi, hún hefur margar blekkingarmyndir og leiðir okkur í margar blindgötur, þar til að lokum, eftir blóð svita og tár, upplifum við þessa meintu hamingju sem hverfur í fortíðina með næsta augnabliki. Eftir allt erfiðið, sem það kostaði að upplifa þetta skammlífa augnablik, virðist það á endanum varla vera þess virði og hefur eflaust kostað meiri þjáningu í aðdragandanum. Hamingjan er í sjálfu sér ávallt víðsfjarri, þ.e.a.s. annaðhvort í fortíðinni eða framtíðinni, hún varir einungis í skamma stund áður en hún hverfur að eilífu inn í fortíðina.

²⁴ (EAA) bls. 52

²⁵ (EAA) bls. 52

Gagnrýni Simmels á bölsýni Schopenhauers

Lífið hefur ekki upp á mikið annað að bjóða en skammlífar ánægjustundir, sem þó virðast vera lítið annað en hillingar í fjarska. Lífið er í raun tilgangslaust, ekki þess virði að lifa því hvernig sem við förum að. Ekkert skjól er að finna frá þjáningu og leiðindum sem tilvistin hefur fram að færa, við erum ekki frjálsar skynsemisverur, heldur fyrirfram forrituð að forskrift viljans.

Þessar niðurstöður eru að sjálfsögðu mjög sláandi og ómögulegt að sætta sig við, því er það deginum ljósara að þeim sé andmælt og allt gert til þess að sýna fram á annað. Georg Simmel er einn af þeim sem gagnrýndi Schopenhauer og reyndi að setja fram annars konar túlkun á lífinu, hvernig við upplifum þjáningu annars vegar og hamingju hins vegar. Hann segir einfallega hið andstæða: „Framvinda viljans felur í sér meira af ánægjulegri upplifun heldur en sársaukafullri.“²⁶ Þegar viljanum verður ekki fullnægt þá finnum við sársauka eða þjáningu, sem er þá aðeins í blálökin. Það er ekki allt eða ekkert, samkvæmt Simmel upplifum við hamingju einnig þegar hún er í sjónmáli. Schopenhauer sagði hamingjuna yfirleitt vera fjarstæða, þar sem hún væri nánast alltaf annaðhvort í fortíðinni eða þá framtíðinni. Simmel þvertækur fyrir það og segir að þegar við stefnum að einhverju sem veitir okkur hamingju, fyllumst við tilhlökkun, eingöngu vegna þess að við höfum eitthvað fyrir stafni sem mun á endanum vera þess virði. Þetta leiðir hann af fullyrðingu Schopenhauers um að við upplifum aðeins sársauka þegar við stöndum frammi fyrir hindrunum á leið okkar, að við stritum fyrir eitt augnablik sem síðar hverfur í fortíðina. Hann skilur hins vegar tilhlökkunina út undan, sem er ekki síður mikilvæg. Svo lengi sem maður nálgast sett markmið og að það sé ekki óyffirstíganlegt og fráleitt, þá munum við alltaf upplifa sæld að einhverju marki, við tökum aðeins lán fyrirfram sem að lokum borgar sig margfalt á endanum.²⁷ Aðdragandinn er mun ríkulegri en Schopenhauer heldur fram, aðdragandinn hefur mun meira vægi í heildarmyndinni. Samkvæmt Simmel er hamingjunnar notið á mörgum mismunandi stigum, vellíðan, tilhlökkun eða hamingja, hún er þrepaskipt, um leið og við stígum þrep upp á við upplifum við smáskammt af

²⁶ (SAN) bls. 55

²⁷ (SAN) bls. 56

gleði sem stigmagnast þrep af þrepi, þar til að lokum við náum hápunktinum. Augljósasta dæmið að mati Simmel er um ástina, þar sem glögglega má sjá að gleði er til staðar löngu áður en við náum tökum á henni. Lítið þarf til svo við fáum fiðring og ómælda ánægju, hinn minnsti vísir viðkomanda að samþykki manns í upphafsskrefum ástarinnar er nægilegur.²⁸

Simmel telur helsta veikleika Schopenhauers vera stanslausa þörf hans fyrir kerfi, sem sum hugtök hafi hreinlega ekki passað inn í. Hann segir að Schopenhauer hafi því þurft að aðlaga sum hugtök að sínu kerfi, en öðrum hafi hann gefið lausan tauminn. Kerfið er ekki í samræmi á einstaka stöðum og er háð takmörkunum. Hamingjuna og þjáninguna hafi hann sett of þröngar skorður, þau hafa ekkert sjálfstæði, ávallt bundin viljanum, uppruna heimsins. Hann gefur vellíðunarhugtakinu of lítið svigrúm í skilgreiningu sinni og lýsir aðeins innsta kjarna hugtaksins, sem gerir það að verkum að vellíðaninni eru settir þessir afarkostir, hún er annaðhvort af eða á.²⁹ Vellíðan hjá Schopenhauer er ekkert annað en tímabundin lausn undan þjáningunni, þegar við komumst á núllið tekur vellíðan við í eitt augnablik, en annars erum við yfirleitt í bullandi mínus. Þjáningin er því nærri óendanleg og ekkert fær henni haggð, það sama gildir ekki um hamingjuna, hún hylmir aðeins yfirborð þjáningarinnar um stundarsakir.

Við vegum og metum ýmsa hluti, gerum samanburð til þess að fá úr því skorið hvað sé meira virði, t.a.m. með hamingju og þjáningu. Það er hins vegar spurning hvort þetta séu yfir höfuð mælanlegar einingar, hvort það sé á einhvern hátt framkvæmanlegt. Ef svo er, þá þarf að setja einhvern verðmiða á hamingjuna og sömuleiðis þjáninguna. Slíkt er ógjörningur, hamingjuna þekkjum við af reynslunni, sérhver reynsla af hamingju setur okkur ný og hærri markmið, markaðsvirði hamingjunnar breytist stöðugt og því erfitt að stilla henni upp við hliðina á þjáningunni. Þar að auki þyrftum við að finna upp á meðalgildi hamingju og þjáningu í heiminum sem hins vegar myndi ekki sýna okkur hamingju eða þjáningu, einungis meðaltal. „Það væri jafn merkingarlaust að kalla þessa stærð mikla eða litla og að kalla meðalstærð manna litla eða mikla.“³⁰

Simmel segir sjálfur að maðurinn upplifi í raun meiri sársauka en hamingju, en eingöngu vegna þess að það er alltaf einhver ósk um meiri hamingju. Maðurinn getur

²⁸ (SAN) bls. 57

²⁹ (SAN) bls. 59

³⁰ (SAN) bls. 62

ekki sætt sig við að þurfa að borga með þjáningu til að upplifa eitthvert magn af hamingju. Að hans mati er því um að ræða ósambærilegar einingar, þar sem óskin eftir hamingju er óendanleg, en enginn getur með nokkru móti sætt sig sársauka. Simmel vill meina að þegar á heildina er litið sé þetta eingöngu ósk um jöfnuð, að við lifum alltaf í stéttskiptu samfélagi þar sem við viljum klifra hærra og hærra upp metorðastigann sem endurspeglast í leitinni að hamingju. Enginn getur sætt sig við óréttlæti eða ójöfnuð, því erum við í endalausri baráttu að komast hærra, hvort sem er í samfélaginu, vinnu eða einhverju öðru. Við viljum ávallt samsvara þeim sem eru fyrir ofan okkur, þannig gengur það koll af kalli út í hið óendanlega, þeir sem eru á toppnum leiða veginn. Hér skilja leiðir, Simmel sér hér gildi í lífinu sjálfu, vegna þess að við stefnum lengra í einhverri þróun, þróun mannsins að fullkomnari veru. Simmel ber saman túlkun sína á Nietzsche og Schopenhauer í þessum efnunum, ofurmenni Nietzsches hefur markmið ólíkt vítahring Schopenhauers. Ofurmennið hans Nietzsche er næsta þrep í þróunarstigunum, þar með hefur hann gefið lífinu gildi og markmið í sjálfu sér, við stefnum öll að einhverju æðra og betra. „Á milli Schopenhauers og Nietzsches liggur Darwin.“³¹ Simmel telur Nietzsche hafa vanmetið áhrif Charles Darwin á hugmyndir sínar.³² Simmel segir ofurmennið sjálft ekki markmið sjálfu sér, heldur það að vera á leiðinni að markmiðinu. Lífið er stöðug þróun þar sem tilgangurinn er fölginn í að eiga hlut að þessari þróun, að sjá fram á veginn og vera meðvitaður um næsta þrep, sem gefur að lokum ríkulega af sér.³³ Þróunin er óendanleg, við getum ekki séð fyrir endann á henni, því bíður okkur ávallt eitthvað handan við hornið. Án þróuninnar í heimspeki Schopenhauers er ekki að furða að við finnum fyrir leiða og tilgangsleysi, fábrotum og einstrengingslegum dögum og árum.³⁴ Eftir verður hamingjan og þjáningin sem gefur lífinu gildi hjá Schopenhauer, eða öllu heldur, þjáningin. Nietzsche líkt og Schopenhauer taldi þjáningu einnig óumflýjanlega, en þar er orsökinn enginn heimsvilji, og lausnin er ekki að slökkva á viljanum Nietzsche taldi hins vegar að drekkja mætti þjáningunni í meinlæti og svalli. Nietzsche segir jafnframt; „[...] það eru til mikilvægari vandamál en öll þessi vandamál vellíðunar, þjáningar og meðaumkunar. Og öll heimspeki sem lætur sér þau

³¹ (SAN) bls. 5

³² (SAN) bls. 6

³³ (SAN) bls. 7

³⁴ (SAN) bls. 8-9

nægja er barnsleg einfeldni.³⁵ Viljinn hjá Schopenhauer er vilji til lífs en hjá Nietzsche er það vilji til valds, þ.e. vald yfir sjálfum sér sem einstaklingi.

Það er hvers manns krafa og vilji að upplifa sem mest af hamingju og sem minnst af þjáningu í lífinu, enginn vill vera óhamingjusamur og illa leikinn af sársaukafullri reynslu. En ef svo er, þá virðist lífið svo sannarlega vera oft ranglátt. Simmel segir að svarstýnismenn líkt og Schopenhauer líti á þetta sem raunsæi, en ekki svarstýni og að þetta séu málefnalegar rökræður. Ógerlegt er að finna þennan jöfnuð milli hamingju og þjáningu, eins og áður hefur verið sagt hefur hamingjan engin takmörk en engin getur sætt sig við að þurfa að þjást. Schopenhauer segir að maður geti í raun aldrei verið fullkomlega sáttur, hamingjan þyrfti að hafa eitthvað algildi og að þjáningin mætti aldrei vera til staðar. Simmel telur að ekki að sé hægt að leggja grundvöll tilvistarinnar með þessum hætti, m.a. vegna afstæði hugtakanna og það verður því þess valdandi að það virðist ógjörningur að koma höggi á Schopenhauer.

Simmel segir hamingjuna vera ljósið í myrkrinu, við vitum að hún er til staðar, þess vegna er hún alltaf þess virði að vera eftirsótt. Hann segir Schopenhauer vilja slökkva þetta ljós því hann telur hamingjuna ekki vera jákvæða heldur neikvæða og að þjáningin sé jákvæð en ekki neikvæð. Þjáningin er að mati Schopenhauers jákvæð, tilgangur lífsins og í öllum tilvikum yfirgnæfir hún alla vellíðan. „Rétt eins og við erum ekki meðvituð um heilsu líkama okkar, heldur aðeins þar sem skórin meidir okkur [...]“³⁶ Við erum ekki eins næm á það sem telst gott í fari okkar eins og á það sem ergir okkur og veldur okkur óþægindum. Hamingjan eða vellíðan er neikvæð gagnvart sársaukanum, hún leitast við að neita sársaukanum, hún birtist aðeins þegar sársaukinn er víðsfjarri. Simmel tekur fram tvær aðrar leiðir sem enda þjáningu, svefn og dauða, að auki bendir hann á að til er fólk sem lifir fyrir hamingjuna, jafnvel þó að það hafi einungis fundið smjörþefinn af henni, hún er ekki hverfull draumur, heldur er hún eitthvað dásamlegt og bíður þess að vera afhjúpuð.

Simmel segir Schopenhauer oft vera ósveigjanlegan í hugsun, að hann reyni sífellt að upphefja viljann yfir lífið sjálft. Heimurinn er vilji, því er heimurinn ákvörðun viljans, hans hugarföstur. „[E]f heimurinn er vilji, þá er viljinn ábyrgur fyrir sjálfum sér. Heimurinn er eins og hann er vegna þess að þannig vill hann vera.“³⁷ Viljinn er

³⁵ Nietzsche, Friedrich. *Handan góðs og ills*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1994, bls. 292

³⁶ (EAA) bls. 41

³⁷ (SAN) bls. 67, leturbreytingar mínar

algildur, hann er frjáls því hann lýtur engum lögmálum. Hann er því ábyrgur fyrir allri þjáningu, því það er hans vilji. Simmel spyr sig aftur á móti, hvers vegna viljinn, sem er frjáls og lýtur engum lögmálum, geti ekki rétt eins og maðurinn, neitað sér um óskir og losað okkur þannig undan þessum þjáningum. Hann heldur áfram og segir að vilji heimsins sé í raun eitt í senn sá sem verður fyrir kvölunum og sá sem veitir þær. Kjarni viljans er óhamingja og þjáning, og hann er hlutur í sjálfum sér, þ.a.l. er heimurinn sem við lifum einnig óréttlátur og fullur þjáningar, sem er þar að auki óbreytanlegur. Tilvistin er fyrirbæri viljans og viljinn sem óhamingja og þjáning gerir tilvistina að óendanlegri þjáningu. Að tilvistin sem fyrirbæri viljans fái einnig gildi sitt í þjáningu, segir Simmel algjörlega fráleitt og ófullnægjandi. Viljinn er sameiginlegur okkur öllum, því væri það líkt og að einhver myndi pína annan mann, og að sá gjörningur myndi veita þeim manni einhverja fullnægingu. „Sársauki samviskunnar er reynsla sem veitir okkur þekkingu um að okkar tilvist er ekki aðskilin tilvist heildarinnar.“³⁸

Sögulegur Schopenhauer í ljósi Horkheimers

Max Horkheimer skoðar hugmyndir Schopenhauers í sögulegu samhengi rúmum 100 árum eftir dauða hans. Á þessum 100 árum hefur ýmislegt gerst sem endurspeglar hugmyndir Schopenhauers, að þjáningin er óumflýjanleg, hún tekur aðeins breytingum. Ólíkt Simmel þá einblínir Horkheimer ekki eins mikið á einstaklinginn, hann kys frekar að líta á heildarmyndina. Schopenhauer hefur að hans mati verið framsýnni en margur annar heimpekingur, svartsýnin var þar hans helsti styrkur, ólíkt fyrirrennurum sínum sem voru blindaðir af óbilandi trú á framför mannsins út í hið óendanlega. Í túlkun Horkheimers verður Schopenhauer mjög nútímalegur heimspekingur sem er laus við framfaratrú og tálsýnir þýsku hughyggjunar. Schopenhauer hafnaði hugmyndum samtímamanna sinna, þar á meðal heimspeki Hegels, sem sýndi fram á kerfislega þróun að einhverju lokatakmarki eða fullkomnun, þannig að allt fari vel að lokum. Schopenhauer heillaðist ekki af vísindum og tækni, framför þeirra geta ekki leyst manninn undan þjáningu og leiða. Hann gæti jafnvel tekið undir Georg Henrik von Wright í *Framfaragoðsögninni*, sem segir; „Það sem ég hef kallað framfaragoðsögn er þá sú hugsun að framfarir í vísindum og tækni leiði til

³⁸ (SAN) bls. 68

samfélagslegra framfara í formi aukins valds eða aukinnar hamingju.³⁹ Horkheimer telur hugmyndir Schopenhauers eldast betur vegna þess að hann hafi alltaf haft sannleikann að leiðarljósi, hann reyndi ekki að klæða kenningar sínar í fallegan búning sem gaf falskar vonir og heillaði samtíðarmenn sína. Schopenhauer sér heiminn skýrar og í betra ljósi, þrátt fyrir allt myrkrið í kenningum hans. Hann sá eitthvað sem enginn annar sá, eða öllu heldur vildi ekki sjá, að framför mannsins er ekkert annað en tálsýn.

Tvíeðli heimsins, aðskilnaður líkama og sálar, er ein umdeildasta aðgreiningin í heimspekisögunni. Að Platón undanskildum, hefur fram að Kant og svo Schopenhauer verið treyst á skynsemi manna, vísindahyggju og raunhyggju til að finna út hinstu rök alheimsins, þar á meðal tilgang lífsins. Með því að tileinka viljanum, sem eitthvað í sjálfu sér, eðli lífsins hefur hann komist nær því að skilgreina heiminn og nær hinum raunverulega sannleika sem þar liggur. Ekkert er augljósara en viljinn til lífs. „Sérhverjum andardrætti fylgir þögn, sem er þörfin fyrir næsta andardrátt [...]“⁴⁰

Horkheimer sagði Schopenhauer hafa séð fyrir grundvallabreytingar í lífnaðarháttum manna, að líkamlegt strit mannsins myndi fyrir tilstilli tækni minnka og að lífsgæðin myndu aukast til muna. Schopenhauer sá þetta skýrar en nokkur annar hagfræðingur síns tíma.⁴¹ Iðnbyltingin hafði margar breytingar í för með sér, t.a.m. varð þéttbýlismyndun mun hraðari en áður og stærri borgir mynduðust. Stærri samfélög þýðir að samvist manna verður nánari en áður, auk þess sem hún krefst mikils umburðarlyndis og varkárni sem reynist mörgum ofviða, sérstaklega í ljósi aukinnar samkeppni um völd og viðurkenningu. Aukin lífsgæði höfðu óneitanlega mikil áhrif á samfélagslega þróun mannsins, velmegunin ýtti undir einstaklingshyggju og þess vegna verða árekstrar enn algengari en áður. Aukin lífsgæði greiddu leiðina fyrir græðgi og vilja til valds, sem að lokum leiddi til styrjalda á heimsvísu. Viljinn er vilji til lífs, sem hver og einn hefur, þessi vilji veldur átökum meðal manna vegna þess að viljinn til lífs tekur ekki tillit til vilja annarra til lífs. Aukin einstaklingshyggja, meðvitund um sjálfan sig í heimi þar sem líkamlegt strit er að baki, aukinn frítími og betri lífnaðarhættir eykur miklu frekar bölið heldur en nokkuð annað. Sama hversu vel einstaklingurinn er settur, þá mun hann alltaf finna eymdina og leiðann skammt undan. Tómhyggja tilvistarinnar í velmegunarsamfélögum kristallast í andlegri eymd og

³⁹ Von Wright, Georg Henrik. *Framfaragoðsögnin*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 2003, bls. 119

⁴⁰ (ST) bls. 64

⁴¹ (ST) bls. 57

þunglyndi nútímamanna. Þjáningin tekur breytingum, hún er ekki lengur líkamleg, líkt og á fyrri öldum, heldur andleg og vekur upp spurningar um tilgang lífsins. Það má segja að nú sé tómleiki tilverunnar augljós, það er þjáning eða tilvistarverkefni nútímamannsins.

Það má segja að Schopenhauer hitti beint í mark, sagan sýnir okkur að efnishyggjan og valdagræðgin hafi sjaldan eða aldrei verið meiri en nú. Átökin hafa breiðst út og harðnað í ljósi nýrrar tækni, þrátt fyrir upplýsingum og siðmenningu er 20. öldin sú blóðugasta til þessa. Tvær heimstyrjaldir hafa átt sér stað og stríð hafa geisað nánast láttlaust síðan á dögum Schopenhauers og það er engin tilviljun, Schopenhauer var sá eini sem hafði kjark til að sjá hlutina eins og þeir eru og spá fyrir um þær skelfilegu afleiðingar sem þróunin hefur í för með sér.

Horkheimer segir Schopenhauer ekki notast við heimpekileg rök og skilgreiningar fyrir þessari sýn sinni, enda óþarfi, afleiðingarnar eru í sjálfu sér skýrar og greinilegar og frekari útlistun er með öllu óþörf. Kjarninn í kenningum hans segir allt sem segja þarf. Viljinn til lífs hefur alltaf í för með sér átök, í nútímasamfélagi verða átökin enn meiri en áður og sýnilegri. Fólksfjölgun, tæknivæðing og betri lífsskilyrði gerir það að verkum að við lifum í sífellt nánari tengslum við fólkið í kringum okkur, baráttan fyrir velgengni, landi og völdum er stefnulaus, líkt og viljinn, og afleiðingarnar eru sem fyrr skelfilegar. Horkheimer tekur undir með Schopenhauer þegar hann segir heimspekina ekki hafa nein ákveðin praktísk markmið, að hún bjóði ekki upp á neina eina útgönguleið. Í *Hlutverki heimspekinnar í samfélaginu* segir Horkheimer „[h]ið sanna samfélagshlutverk heimspekinnar er fólgið í gagnrýni á ríkjandi ástand. Það þýðir ekki neitt yfirborðslegt nöldur um einstakar hugmyndir eða aðstæður, líkt og heimspekingurinn væri ekki annað en skoplegur sérvitringur.“ Hann heldur síðan áfram og segir; „Höfuðmarkmið slíkrar gagnrýni er að koma í veg fyrir að menn glati sér í þeim hugmyndum og þeirri breytni sem núverandi samfélagsskipan þröngvar upp á þá.“⁴²

Réttlæti og frjálsræði er krafa einstaklingsins en hún getur snúist upp í andhverfu sína og leitt til óeirða á landsvísu. Trú á ríkinu og þeirri stjórn veldur í mörgum tilvikum vonbrigðum, þjóðarkökunni er erfitt að skipta jafnt á milli þegnanna, sem

⁴² Horkheimer, Max. „Hlutverk heimspekinnar í samfélaginu“ Í: Vilhjálmur Árnason (ritstj.) *Skírnir* 166. árgangur. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1992. Bls. 379, leturbreytingar mínar. Hér eftir verður vitnað í grein Horkheimers með skammstöfuninni: HHS í sviga ásamt blaðsíðutali.

gera síðan uppreisn gegn valdhöfunum. Schopenhauer taldi enga sérstaka stjórnmalastefnu vera lausn á einu eða neinu, ríkið eða valdhafarnir stjórnast alltaf af sjálfselsku sem endurspeglast í stefnu þeirra. Schopenhauer taldi að það væri fyrir bestu að maðurinn hefði ekkert ríki, hann sá það hins vegar ekkert vera á leiðinni að gerast og veitti því þessari hugmynd ekki frekari athygli.⁴³ Þessa hugsun Schopenhauers má kannski frekar líta á sem vantrú hans á stjórnvöldum eða ráðandi afli yfir ríkjum og löndum, frekar en að hann hafi verið að bjóða upp á einhverja jafnaðarstefnu, háþróaður maður ætti ekki að þurfa ríki. Einstaklingarnir munu alltaf stjórnast af sínum einstaklingsmiðuðu hvötum en ekki hafa hag annarra til hliðsjónar, nema að vissu marki, einstakir sykursmolar til lýðsins til að halda valdastöðu sinni sem lengst.

Á tímum Schopenhauer var mikil þjóðernishyggja í uppsiglingu í Evrópu, ekki hvað síst í Þýskalandi, og hann óttaðist hana. „Þjóðarstolt líkt og stolt einstaklinga er auðsæranlegt, [...] Hefndin sem fylgir er marklaus og tortímandi.“⁴⁴ Stolt einstaklinga og þjóðarstolt er upphaf að mörgum átökum, hefndin bíður skammt undan, til þess að endurheimta sært stolt. Þetta er örvæntingarfull leið einstaklingsins að samsama sig einhverri heild sem með tímanum verður hans markmið, eintóm hringavitleysa sem tekur engan enda, jafn stefnulaus og maðurinn sjálfur. Í ljósi skammlífi mannsins verður þetta tímalaus barátta sem komandi einstaklingar fæðast inn í og koma aldrei til með að komast út úr. Þjóðernishyggja er alin upp í ungu fólki, sú menning sem fólk er alið upp í er í stöðugu stríði við meirihlutann, þ.e. ríkjandi menningu. Ríkjandi menningu tilheyrir ákveðið yfirlæti, að hún sé yfir aðra menningarheima hafin og eigi því meiri rétt á sér. Togstreita myndast milli ólíkra hópa og stétta, bæði á lands- og heimsvísu með tilheyrandi átökum. Stríð hugmyndakerfa og rík þjóðernishyggja er meginþema 20. aldarinnar, tilgangurinn er óljós og þjáningin stendur að lokum upp úr. Fortíðin sýnir okkur að þessi barátta verður til þess að enginn eða mjög fáir ganga sáttir frá borði. Að lokum segir Horkheimer að þörfin fyrir Schopenhauer hafi aldrei verið meiri en einmitt nú, að hann sýni fram á að engin einföld og rökrétt leið fær að njóta sín í stefnulausum heimi sem hefur verið mótaður af týndum kynslóðum. Schopenhauer sýnir fram á raunveruleg gildi og frelsar okkur frá blekkingum um að láta ekki stjórnast af tímalausum deilum og öðrum úr sér gengnum gildum og hefðum. Með því að láta ekki leiðast út þannig ógöngur getum við að lokum fundið einhverja

⁴³ (ST) bls. 57

⁴⁴ (ST) bls. 59

frið innra með okkur. „Leiðin er í gegnum þekkingu, ekki aðeins vísindalegri og stjórnmalalegri heldur einnig í stórkostlegum bókmenntaverkum.“⁴⁵ Hér undirstrikar Horkheimer Schopenhauer enn frekar, því listin getur leyst okkur undan áþján viljans. Tónlistin er vissulega æðsta listgreinin hjá Schopenhauer, sú sem kemst næst því að vera í samhljómi við viljann, engu að síður er fagurfræðina einnig að finna í bókum, þó að hún nái ekki sömu hæðum og tónlistin.

Svartsýni sem gagnrýnin hugsun

–Mat Horkheimers á Schopenhauer

Þegar Simmel leitar að lausnum fyrir einstaklinginn, leitar Horkheimer að lausn fyrir heildina Horkheimer sér Schopenhauer í sögulegum og samtímalegum skilningi en Simmel reynir að gefa hamingjunni meira vægi í hugmyndum hans. Helsta gagnrýni Simmels á Schopenhauer felst í hvenær við upplifum hamingju, sbr. þjáningin birtist aðeins þegar við upplifum hindranir, s.s. í lokin og hamingjan birtist ekki fyrr en við höfum hana í hendi okkar. Tilhlökkunin hefur þannig séð meira gildi og gæti hugsanlega haft betur gegn þjáningunni. Nálgunin á hamingjuna í skilningi Simmels gefur einstaklingnum meira svigrúm, hann hefur færi á að finna tilgang í lífinu sjálfu, markmið sem einstaklingurinn stefnir að getur veitt honum gildi, eingöngu vegna þess að hann stefnir að einhverju. Simmel reynir því að fylla tómarúmið og tilgangsleysið sem Schopenhauer eygir í hjarta tilverunnar. Horkheimer hins vegar telur Schopenhauer vera raunsæjan, að hafa kjark og þor að sjá í gegnum tálsýnir, hann kortleggi galla mannsins sem gerir það að verkum að við getum notfært okkur það til hins betra. Án þess að vera að upphefja hæfileika mannsins bendi hann á lesti hans. Svartsýni Schopenhauers verður í meðförum Horkheimers að einskonar raunsæisglæraugum til að bregða upp. Aðgreining Schopenhauers á heiminum sem vilja og heiminum sem hugmyndir, að gera viljann að hlut í sjálfum sér, hefur þau áhrif að það er eins og þungu fargi sé létt af okkur. Veröldin, að mati Horkheimers er skýrari en nokkru sinni fyrr með tilkomu kenninga Schopenhauers. Hugmyndir eru tálsýnir og því er skynsemin mýrarljós sem heimspekingar fram að Schopenhauer hafa

⁴⁵ (ST) bls. 71

elt, skynseminni er ætlað að útskýra gang heimsins, að ná tökum á náttúrunni, en viljinn er stefnulaus og ófyrirsjáanlegur, þar með gerir skynsemin lítið gagn til að útskýra gang heimsins. Með skynseminni lærum við í heimi hugmynda en finnum ekki út hinstu rök heimsins. Simmel taldi Schopenhauer aftur á móti misskilja Kant, heimurinn er hlutlægur og þar með raunverulegur, ekki er þörf á að leita lengra til þess að finna sannleikann, hlutlægur heimurinn er því fullkomlega skiljanlegur.⁴⁶ Heimur hugmynda, það sem við skynjum beint er aðeins blekking og einskis virði, því verður að leita utan heim hugmynda til að finna eitthvert sannleikskorn.

Simmel reynir að finna galla á kerfi Schopenhauers. Hann telur kerfi hans setja ýmsum hugtökum of þröngar skorður, t.a.m. hamingjunni. Simmel segir að svefn bindi einnig enda á þjáningu, í svefni upplifum við vellíðan og hún er jákvæð en ekki neikvæð. Þetta er tilraun hans til að sýna fram á þröngsýni Schopenhauers í hugsun, hann telur hann oft of einsleitan og á köflum of kappsfullan við að sýna fram á að lífið sé hrein hörmung. Schopenhauer er vissulega einstaklega nákvæmur og ítarlegur í skrifum sínum, þ.a.l. telur Simmel oft erfitt að koma höggi á hann og að koma með einhverja frjállega túlkun á honum. Simmel á það hins vegar sameiginlegt með Horkheimer að einn helsti styrkur Schopenhauers er að gagnrýna að einblínt sé á manninn einungis sem skynsemissveru.

Schopenhauer í höndum Horkheimers kennir okkur gagnrýna hugsun, að taka engu sem sjálfgefnu, að falla ekki í þær gryfjur sem kynslóðirnar á undan hafa grafið. Líkt og Schopenhauer gerði á sínum tíma að líta ekki á ríkjandi hugmyndakerfi sem gefin sannindi, andúð hans á samtímamönnum sínum, á blindri bjarstýni og ofsatrú á einhverju, er ekkert nema réttmæt gagnrýnin hugsun. Líkt og Horkheimer segir; „[þ]að sem hér er átt við með orðinu gagnrýni er sú sífellda viðleitni í hugsun og verki að gleypa ekki án íhugunar og af sljóum vana við ríkjandi hugmyndum, hegðunarmynstri og samfélagsaðstæðum.“⁴⁷ Afdráttarlaus bjarstýni og ofsatrú hefur afvegaleitt okkur í gegnum tíðina og valdið okkur vonbrigðum. Hann kennir okkur því hógværð og raunsæi í hvers kyns lifnaði, sem er öllum mönnum hollt að tileinka sér.

⁴⁶ (SAN) bls. 19-20

⁴⁷ (HHS) bls. 385, leturbreytingar mínar.

Svartsýni eða raunsæi?

Að vissu leyti þróast maðurinn að einhverju leyti, þ.e. aðstæður hans kunna að breytast, en þjáningin er þó ávallt til staðar í einhverri mynd, andleg eða líkamleg. Viljinn stendur alltaf í stað, hann er tímalaus hlutur í sjálfum sér sem stöðugt er valdur að átökum mannsins. Schopenhauer sá þetta fyrir, samanber draumaheim hans, þar sem ekkert getur fullnægt hamingju, nema þá í skamman tíma. Um leið og eitthvað kemst í vana, verður það ekkert annað en hversdagslegt verkefni, eitthvað sjálfgefið sem hættir að gefa af sér og svarar ekki lengur þörfinni. Heimurinn er aftur á móti fullur af ótal eftirsóknarverðum lífsgildum, en við þurfum hins vegar alltaf að endurnýja þau með reglulegu millibili. Schopenhauer taldi þá að í ljósi þess að við erum dauðlegar verur, væri erfitt að finna alla þá hamingju á þessum skamma tíma, að í leikslok getum við ekki verið sátt, kapphlaupið hafi ekki verið erfiðisins virði. Eina leiðin til þess að komast út úr þessum vítahring er að taka viljann í sátt, vera meðvitaður um hann og nota hann sem tæki líkt og Horkheimer gerði, þannig að við sjáum hann í betra ljósi. Schopenhauer bauð okkur einnig listina, listsköpun getur frelsað okkur frá viljanum. Fegurð listarinnar er óþrjótandi og tímalaus og losar okkur undan fjötrum þjáningarinnar.

Leit að stefnu í lífinu, að finna því einhvern tilgangi hlýtur engu að síður benda til þess að við finnum fyrir leiða og tómléika í lífinu. Tilvistarkreppa á miðjum aldri gefur til kynna vonbrigði með lífið til þessa og verður því að uppgjöri við lífið sjálft og þau lífsgildi sem við höfum haft að leiðarljósi. Einnig að væntingar um lífið hafi verið byggðar á fölskum forsendum, í það minnsta ekki uppfyllt allar þær vonir sem við höfðum, m.ö.o. þroskumst við. Það má vissulega færa fyrir því einföld margþvæld rök að lífið sé að miklu leyti eilífur lærdómur, sem ungt fólk höfum við alltaf einhvern vonarneista sem drífur okkur áfram, en að lokum á einhverjum tímamarki áttum við okkur á köldum raunveruleikanum, sem þó má finna einhver einstaklingsmiðuð markmið í og öðlast frið. Í stórum heimi fullum af stríði, fátækt og hungursneyð er erfitt að finna frið innra með sér, „[s]vo lengi sem hungursneyð og andleg vanlíðan er, getur sá sem sér aldrei fengið frið.“⁴⁸ Trú á mannkyninu til góðra verka dofnar á meðan vonleysið eykst. Gagnrýnin og ekki síst skapandi hugsun er eitthvað sem ekki er hægt að leggja nægilega áherslu á.

⁴⁸ (ST) bls. 65, leturbreytingar mínar

Heimildaskrá

- Horheimer, Max. „Hlutverk heimspekinnar í samfélaginu“ Í: *Skírnir* 166. árgangur, Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1992. Bls. 368-388.
- Horkheimer, Max. „Schopenhauer Today“ Í: Kurt H. Wolff og Barrington Moore, Jr. (Ritstjórar) *The Critical Spirit: Essays in Honor of Herbert Marcuse*. Boston: Beacon Press, 1967. Bls. 55-71.
- Mill, J. S. *Nytjastefnan*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1998.
- Nietzsche, Friedrich. *Handan góðs og ills*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1994.
- Schopenhauer, Arthur. *Essays and Aphorisms*. London: Penguin Books, 2004.
- Schopenhauer, Arthur. *The World as Will and Representation*. New York: Dover Publications, Inc., 1969.
- Simmel, Georg. *Schopenhauer and Nietzsche*. Chicago: University of Illinois Press, 1991.
- Von Wright, Georg Henrik. *Framfaragoðsögnin*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 2003.
- White, F. C. „The Fourfold Root“. Í: Christopher Janaway (Ritstj.) *The Cambridge Companion to Schopenhauer*. Cambridge University Press, 1999. Bls. 63-92.

